

Fundurinn var haldinn kl. 19.30 – 22.00 á heimili Anh Dao Katrínar Tran að Bakkasmára 27, Kópavogi. Hann sátu: Anh Dao, Árný, Björk, Bryndís, Elín, Helga Halldórsdóttir, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir í landssambandsstjórn, Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Sigríður, Soffía, Stefanía og Vilborg.

Formaður setti fund og þakkaði Anh Dao fyrir að taka á móti Gamma-systrum. Hún bauð Ragnheiði Stefánsdóttur úr Beta-deild sérstaklega velkomna. Formaður tendraði ljós, minnstist einkunnarorðanna vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Hún sagði orðin hafa verið sér hugleikin í um liðna helgi í heimsókn til Berlínar þangað sem bárust fregnir um voðaverk í París. Þar skynjaði hún samkennd milli fyrrum óvinabjóðanna Þjóðverja og Frakka og að vináttu og hjálpssemi yrðu ætíð leiðarljós í völdum heimi. Ekki mætti gleyma að þrátt fyrir allt yrðu framfarir í heiminum eins og orð Hrefnu Þórarinsdóttur til umhugsunar myndu vitna um.

Hrefna ræddi um mikilvæga og jákvæða breytni í barnaverndarmálum gagnvart börnum sem sett eru í fóstur. Um 330 börn sem geta ekki alist upp hjá foreldrum sínum eru sett í fóstur. Lögð er áhersla á að fósturforeldrar fái viðvarandi stuðning frá fyrstu tíð, ekki bara fyrstu mánuðina. Tengsl við blóðforeldra geta verið flókið. Seinfærir og foreldrar sem hafa verið í neyslu eiturlyfja eiga nú að fá raunverulegan stuðning. Hefur félagsþjónustan í Kópavogi staðið sig sérlega vel í því efni.

Fóstursamningur við fósturforeldra er ýmist skammtíma- eða varanlegt fóstur, alla jafna til 18 ára aldurs. Í rannsóknnum á Norðurlöndum kemur fram að nokkuð er um að fósturbörn hafi áhyggjur af því hvað gerist við 18 ára aldurinn. Félag fósturforeldra er öflugt félag sem ber hagsmuni barna sinna fyrir brjósti. Í félaginu eru 138 fjölskyldur. Viðhorfsbreyting hefur einnig orðið hjá lögreglunni í málefnum barna og fjölskyldna þeirra. Ekki er lengur auglýst eftir strokubörnum heldur fer lögreglan og sækir þau.

Anh Dao greindi síðan frá doktorsritgerð sinni: „Óvirkjuð auðlind eða ófullkomnir „útlendingar“? Nemendur af víetnömskum uppruna í íslenskum framhaldsskólum.“ Vietnamskir innflytjendur komu til Íslands í þremur hópum 1979, 1990 og 1991. Þeir teljast nú 555 manns. Árið 2013 voru 45 nemendur af víetnömskum uppruna innritaðir í framhaldsskóla. Ungir innflytjendur glíma við ýmsa erfiðleika, hætta mun oftast í skóla en jafnaldrar þeirra á framhaldsskólastigi. Orsakirnar kunna að vera lítil kunnátta í íslensku, léleg sjálfsvirðing og innri hvatning, ásamt félagslegri einangrun.

Markmið Anh Dao var að greiða fyrir námsárangri nemenda af erlendum uppruna. Fjölmenningarmenntunarfræðin leggja áherslu á umbætur á skólasterfi og að tekin sé upp ný kennslufræði. Tilgangur rannsóknarinnar, sem byggir á kenningum fjölmenningarmenntunarfræðinnar, er að leita skilnings á hugtakinu jafnrétti og athuga hversu vel íslenska skólakerfinu hefur tekist að tryggja jafnan rétt ungs fólks úr þjóðernisminnihlutahópum. Rannsóknarspurningar Anh Dao voru þrjár:

Hvað segja jafnréttisyfirlýsingar, sem koma fram í lögum, stefnu og námskrá, um menntun nemenda með fjölbreytilegan uppruna í framhaldsskólum?

Hvernig eru jafnréttisyfirlýsingar framkvæmdar í tveimur framhaldsskólum sem valdir voru fyrir þessa rannsókn? Hvernig tengjast þær fjölmenningu og þar með innflytjendum að því er varðar kennslufræði (kennslunálgun og aðferðir) og náms- og félagsumhverfi?

Hver er reynsla nemenda af víetnömskum uppruna af námi og félagslegum samskiptum í þessum tveimur framhaldsskólum, sem rannsóknin nær til, og hvernig endurspeglar hún markmið með stefnunni og framkvæmd hennar?

Gagnaöflun fór fram með vettvangsathugun í tveimur framhaldsskólum með hálfopnum viðtölum við 4 stjórnendur, 8 kennara og 13 nemendur. Ennfremur var stuðst við opinber skjöl: lög, skólanámskrá og reglugerðir, ásamt þátttökuathugun. Nemendur höfðum mismunandi bakgrunn. Fjórir áttu báðar foreldra á Íslandi, foreldrar sex þeirra voru einstæðir og þrír voru einir á eigin vegum. Fimm höfðu brautskráðst árið 2014, sex voru brottfallsnemendur, einn var í skóla og ekki var vitað um einn.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að stefnan fjallar ekki skilmerkilega um fjölmenningarmenntun, kröfur skortir um framkvæmd fjölmenningarmenntunnar í stefnuna, og skilning og meðvitund um fjölmenningu vantar hjá fagfólki.

Lög um framhaldsskóla 2008 nefndu ekkert um fjölmenningsambúðir sem við búum í. Þrítugasta og fimmta (35.) greinin er um tungumál, og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Greinin er ætlað að skilgreina sérstaklega réttinda nemenda af erlendum uppruna til að fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Reglugerð nr. 654/2009 krefst þess að framhaldsskólar setji sér áætlun um móttöku nemenda af erlendum uppruna en yfirtitillinn er „Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku“.

Kennarar kunna ekki að kenna íslensku sem annað mál. Þeim er það því mjög erfitt. Það vantar í kennaramenntunina. Fólk hugsar sem svo að ef íslenskir nemendur geti lært tiltekið efni þýði það að innflytjendur nemendur geti gert eins. Fólk gerir sér ekki grein fyrir að íslenska sem annað tungumál er vísindagrein og þarf að kenna sem sérstaka námsgrein. Það yrði þá partur af annarri sérhæfingu eins og sérkennslu, fræðslu um skólaágreining, eða skóla margbreytileika eins og verið er að tala um núna. Mörgum kennurum þykir erfitt að hafa þessa nemendur, þeir hafi ekki þann orðaforða sem þarf til að lesa t.d. félagsfræði og náttúrufræði. Stærðfræði reynist mörgum þeirra auðveld en þeir hafa verið látnir fara í gegnum alla stærðfræðiáfangana sem þeir kunna þótt þau gætu farið beint í efstu áfangana.

Nemendur af erlendum uppruna eru margir óvirkjuð auðlind. Áhugi foreldra og stuðningur skipta máli fyrir að nemendur af erlendum uppruna haldi áfram í skóla. Nemendur telja sjálfir að heimavinna ætti að vera meiri eins og gerist í Viet-Nam og ganga ætti eftir góðum vinnubrögðum. Sumir þeirra hjálpa hverjir öðrum, til dæmis í ensku og stærðfræði. Þeir telja að einskis skyldi ófreistað til að menntunin veitti þeim alhliða þroska. Flóttamenn gætu fært nýju heimalandi margt.

Anh Dao bauð Gammasysturum veitingar, kaffi, te og meðlæti, en síðan var tími til spurninga. Konurnar spurðu margs og tíminn flaug. Áður en fundi var slitið var Ragnheiði Stefánsdóttur boðið að kynna sig en hún er flutt suður frá Akureyri og vill gjarnan ganga í Gamma-deild. Ragnheiður hefur víðtæka reynslu og hefur m.a. verið forseti Beta-deildar og landssambandsforseti, og var máli hennar vel tekið. Fundi var slitið um k. 22.